

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð H/f Eimskipafélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. nóvember 1964. Skipulagsskráin er þannig:

## **Skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð H/f Eimskipafélags Íslands.**

1. gr.

Nafn sjóðsins er Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um alla þá Vestur-Íslendinga, sem hlut áttu að stofnun H/f Eimskipafélags Íslands. Stofnendur teljast allir þeir, er afhenda sjóðnum gjafir fyrir árslok 1966.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að velgengni Háskóla Íslands, svo og að styrkja efnilega stúdenta til náms við Háskólann eftir ákvörðun háskólaráðs.

4. gr.

Stofneign sjóðsins nú er kr. 342.000,00. Er stofneignin öll í hlutabréfum H/f Eimskipafélags Íslands að nafnverði kr. 342.000,00.

5. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum þeirra manna, er styðja vilja starfsemi hans.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn: Stjórnarformaður H/f Eimskipafélags Íslands, varaformaður og forstjóri félagsins. Fjórdi stjórnarmanninn tilnefna stofnendur úr sínum hópi. Getur hann falið manni, búsettum á Íslandi, að fara með atkvæði sitt á fundum sjóðsstjórnar.

Eftir lán stofnenda skal stjórn sjóðsins skipuð þeim þrem mönnum, er fyrstir eru nefndir hér að framan.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal annast reikningshald sjóðsins og ávaxta fé hans á sem tryggilegastan hátt. Skal sjóðsstjórnin halda nákvæma skrá yfir nöfn og gjafir þeirra, er gefa til sjóðsins, svo og gjafir, framlög eða styrki úr sjóðnum.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera hinir sömu og endurskoðendur H/f Eimskipafélags Íslands.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir ásamt reikningum Eimskipafélagsins. Skal háskólaráði sent eintak af reikningunum.

7. gr.

Meðan í gildi eru ákvæði samþykkja H/f Eimskipafélags Íslands um tilnefningu og kjör af hálfu vestur-íslenzkra hluthafa í stjórn félagsins, skal atkvæðisréttur, er fylgir

hlutabréfum, er sjóðurinn hefur hlotið að gjöf frá mönnum, búsettum í Vesturheimi, vera í höndum gefenda eða þeirra, er þeir hafa falið að fara með atkvæði. Við lát gefenda fellur þessi atkvæðisréttur til stjórnar sjóðsins, er fær að öllu leyti sama atkvæðisrétt sem vestur-íslenzkir hluthafar. Sjóðsstjórn er heimilt að selja hlutabréf sjóðsins fyrir hagkvæmt verð, en þó aldrei fyrir en gefandi er látinn.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. nóvember 1964.

**Grettir Eggertsson**  
(í umboði fyrstu stofnenda).